

BJÖR2BJ05

Búið til: Fri, 26 Apr 2013 11:47:20 GMT

Titill

Menntun björgunarmannsins í hinum ýmsu aðstæðum

Skammstöfun

BJÖR2BJ05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

Björgunarmaður 1

Viðfangsefni

Menntun björgunarmannsins í hinum ýmsu aðstæðum

Staða

Samþykkt af skóla

Prep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Grunnnám fyrir fólk sem vill starfa í björgunarsveit. Námið samanstendur af 9 stökum námskeiðum til að afla almennrar þekkingar og skilning á starfi björgunarmannsins. Markmið áfangans er að gera einstaklinginn hæfari til þess að sinna hinum ýmsu verkefnum sem koma upp í björgunarsveit.

Forkröfur

Engar en nemandi þarf að vera orðinn 18 ára og vera með samning við björgunarsveit á svæðinu

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- starfi björgunarmannsins, lögum og reglugerðum sem björgunarmaður gengst undir
- þeim tólum og tækjum sem björgunarmaðurinn getur nýtt sér við starf sitt

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meta hættur við sjó og vötn
- nota fjarskiptatæki
- ferðast við mismunandi aðstæður
- nota áttavita og staðsetningartæki
- meta snjóflóðahættur og leitað að félaga í snjóflóði
- beita skipulagðri leit
- veita fyrstu hjálp í óbyggðum
- síga í klettum, klettaklifri og ísklifri.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vita hvaða kröfur eru gerðar til björgunarmanns ...sem er metið með... vinnuframlagi hans til björgunarsveitarinnar
- þekkja hættur sem felast í umgengni við snjó í fjöllum, sjó og vötn ...sem er metið með... verklegum æfingum
- beita grunnatriðum í notkun fjarskiptatækja ...sem er metið með... verklegum æfingum

- ferðast um svæðið og skipuleggja ferð m.t.t. næringar, ferðahegðunar, notkunar prímusar ...sem er metið með... verklegum og skriflegum æfingum
- nota áttavita og staðsetningartæki til að taka stefnur og rata á milli staða ...sem er metið með... verklegum æfingum
- geta tekið þátt í leit af týndu fólki ...sem er metið með... verklegum æfingum
- geta brugðist rétt við aðstæðum þegar slys ber að höndum á fjöllum ...sem er metið með... verklegum æfingum
- kunna notkun tækja við vetrarfjallamennsku s.s. mannbrodda, ísöxi, línumeðferð, sig og létt klifur og að kunna mikilvæga hnúta ...sem er metið með... verklegum æfingum

Námsmat

Námsmatið er fólgið í verklegum og skriflegum æfingum og prófum í sambandi við hvern hluta fyrir sig, nemendur þurfa að taka þátt í starfi með björgunarsveit og skila tímaseðli vegna þess.

Skólar

Fyrirmynd